

**Sp.**

**118. Tillaga til þingsályktunar**

[94. mál]

um skólaskip og þjálfun sjómannsefna.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því í samráði við sérfróða menn, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna, m. a. með rekstri hentugs skólaskips, eins eða fleiri, eftir því sem tiltækt þætti. Skal í því sambandi m. a. athuga, hvort ekki muni hagkvæmt að nýta í þessu skyni þau varðskip, sem kynnu að vera eða verða til sölu.

**Greinargerð.**

Það er skylda ráðamanna þjóðarinnar að vaka yfir velferð atvinnulífsins og vernda undirstöður þess í nútíð og framtíð. Meðal þess, sem sízt má gleyma, er að rækja vel menntun og verkþjálfun framleiðslustéttanna, þannig að þær standi öðrum innlendum starfsstéttum á sporði um menning og starfskunnáttu og haldi fyllilega til jafns við erlenda starfsbræður, sem þær eiga beint og óbeint í samkeppni við.

Ekki þarf um það að deila, að sjómennska er ein hin mikilvægasta undirstöðugrein íslensks atvinnulífs og þar með þjóðfélagsins í heild. Fiskimenn og farmenn mynda í sameiningu svo gildan þátt í sjálfri líftaug hins íslenska lýðveldis, að án þeirra hlyti hún að breyta. Það er því lífsnauðsyn, að ávallt sé nægilegt framboð ungra og vaskra manna, sem vilja gefa sig að sjómennsku. Fari svo, að ekki verði hægt að manna skip og báta með íslenzku úrvalslíði, þá mun fleiru hætt í þjóðfélaginu en fiskveiðum og siglingum sem slíkum. Það mundi óhjákvæmilega leiða til almenns vandræðaástands og þeirrar þjóðarógæfu, sem seint yrði úr bætt. Hér gildir hið forna rómverska orðtak: *Navigare necesse est — sigling er nauðsyn.*

Fram undir þetta hefur e. t. v. ekki verið veruleg hætta á því, að ekki fengist vinnuafli til þess að halda uppi frumþáttum atvinnulífsins. Þó er það ekki einhlítt. Oft hefur skapast vandræðaástand í sambandi við mönnun báta og skipa, svo að dæmi sé nefnt, — m. a. vegna þess, að ungir menn hafa af ýmsum ástæðum fremur leitað í önnur störf. Ein ástæðan er sú, að drýgsta uppspretta sjómannastéttarinnar, sjávarþorpin og sveitirnar, er að þrotum komin miðað við óhjákvæmilega endurnýjunarþörf stéttarinnar. Ungu mennirnir, sem vaxa upp í borg og ýmsum stærri bæjum, eru margir ókunnugir sjómennsku, svo að hún verður æ fjarlægari í hugarheimi þeirra og veruleika. Ástæðulaust er að ásaka þessa ungu menn, því að viðhorf þeirra mótast eðlilega af því umhverfi, sem fóstrar þá. Á því er höfuðmunur fyrir verðandi sjómann, hvort hann elst upp frá blautu barnsbeini í náinni snertingu við sjó og sjómennsku eða hvort hann kynnist slíkum störfum og lífsháttum af afspurn og án nokkurra beinna tengsla. Unglingur úr sjávarþorpi, sem fæddur er og uppalinn í flæðarmálinu að kalla og hefur daglega fyrir augunum skip og sjó, sjómenn og sjóvinnu, kemst í þau veruleikatengsl við safarir og flest, sem að sjómennsku

lýtur, að honum er það fullkomlega eðlilegt að gerast sjómaður, þegar hann hefur aldur og þroska til. Enda er þarna að finna hinn náttúrlega skóla íslenzkra sjómannsefna og þá lind, sem þrotlaust hefur verið ausið af. En hvað mun verða, ef þjóðlífsbreyting og búsetuþróun kollvarpar þessum náttúrlegu skilyrðum? Sú hættu kann að vera fyrir hendi að meira eða minna leyti. Svarið við þeirri spurningu er að dómi flm. það eitt, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna með einum eða öðrum hætti. Í því sambandi hlýtur það að teljast undirstöðuatriði, að rekið sé hentugt skólaskip, búið þeim vélum og tækjum og öðrum skipsbúnaði, sem almennt tíðkast. Engin vandkvæði ættu að vera á öflun nothæfs skips. Kæmi án efa til greina að kaupa eða leigja togara eða stóran fiskibát í þessu skyni eða jafnvel að nýta í því sambandi hin eldri og minni skip landhelgisgæzlunnar, enda mun fyrirhugað að leggja þau af sem varðskip — eitt eða fleiri — og bjóða til sölu. Til athugunar hlýtur það einnig að verða að tengja kennslu í sjóvinnu við störf gagnfræðaskóla, enda hefur það nokkuð verið reynt í Reykjavík og gefizt eftir vonum, þrátt fyrir ófullkomnar aðstæður. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með starfrækslu sjóvinnunámskeiða og útgerð skólaskips á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur, og þeir, sem að því hafa staðið, telja mikils af slíkri starfsemi að vænta. Á Akureyri var um skeið haldið uppi svipaðri starfsemi og gafst vel. Allar þessar tilraunir eru lofsverðar og eiga skilið meiri stuðning af hálfu hins opinbera en raun ber vitni.

Þessi tillaga til þingsályktunar er borin fram í þeirri trú, að Alþingi vilji taka mál þetta til umræðu og ákvörðunar og feli ríkisstjórninni að annast framkvæmd þess á þann hátt, að viðhlitandi sé. Íslenzk sjómannastétt hefur löngum verið talin dugmikil og vel verki farin. Má öðru fremur þakka það þeirri staðreynd, að nýliðar í sjómennsku hafa allajafna alizt upp við hagstæð skilyrði, sem bæði hafa beint áhuga þeirra að sjómennsku og gert þá færari en ella til þess að tileinka sér sjómannsstörfin, sem vissulega eru margþætt og vandasöm og krefjast áræðis, lagvirkni og snerpu. Þessara eiginleika mun verða þörf framvegis sem hingað til, og það skiptir miklu máli, hversu til tekst um undirbúningsþjálfun og framboð sjómannsefna.